

"En", sagði Móríts, "fyrst faðir minn var ríkur, hvers vegna erum við þá svona fátæk? Hvers vegna erum við í svona lélegu húsi?"

"Nú, jaja, drengur minn, ég skal segja þér eins mikið og ég má. En þú verður að lofa mér, að tala aldrei um það við nokkurn mann".

"Því lofa ég, mamma".

"Gott, ég treysti því. Hlustaðu þá á: Áður en ég varð kona föður þíns, hafði hann verið giftur einu sinni áður og átti son með þeirri konu. Gifting okkar fór fram mjög leynilega. Það eru nú að eins tvær manneskjur lifandi, sem geta vottað það, og það eru, presturinn, sem gifti okkur, og eitt af vitnunum, sem var til staðar við giftinguna. Þegar faðir þinn dó, sem skeði óvænt og skyndilega, hafði hann ekki getað samið erfðaskrá okkur til hagsmuna. Allar eignir hans lentu því hjá eldra syninum, hálfbróður þínum. Þegar faðir þinn dó, hætti líka styrkveiting sú, sem hann gaf okkur, og því urðum við neydd til að fara úr fallega húsinu, sem við áður bjuggum í".

"En, mamma", sagði Móríts, "ég á þá bróður, sem er lifandi og ríkur?"

"Já, þú átt bróður".

"Og hvers vegna hjálpar hann okkur ekki?"

"Hann veit ekki, að við erum ættingjar hans. Hann veit einu sinni ekki, að við erum til í heiminum".

"En því eigum við þá ekki að segja honum það?"

"Móríts", sagði húsfú Sterner alvarlega, "faðir þinn var eðllyndur maður, viltu breyta á móti banni hans? Viltu eftir dauða hans óhlýðnast skipun þeirri, sem hann gaf meðan hann lifði? Álitur þú það ekki þína helgustu skyldu, að hlýða vilja hans?"

"Jú, mamma, ég skal aldrei óhlýðnast honum".